

**SAMKOMULAG
MILLI
RÍKISSTJÓRNSÝSLU IÐNAÐAR OG VIÐSKIPTA
Í ALÞÝÐULÝÐVELDINU KÍNA
OG
INNANRÍKISRÁÐUNEYTI LÝÐVELDISINS ÍSLANDS
UM UPPLÝSINGASKIPTI Á SVIÐI NEYTENDAVERNDAR**

Ríkisstjórnsýsla iðnaðar og viðskipta í Alþýðulýðveldinu Kína, annars vegar, og innanríkisráðuneyti lýðveldisins Íslands, hins vegar (hér á eftir nefnd „aðilarnir“),

viðurkenna mikilvægi þess að auka upplýsingaskipti milli aðilanna á sviði neytendaverndar til að stuðla að skilvirkri framkvæmd laga í þessum löndum, viðhalda sanngjörnu samkeppnisumhverfi, sem og öruggu og heilbrigðu neytendaumhverfi, og í því skyni að efla tvíhliða efnahags- og viðskiptatengsl,

ítreka þá sameiginlegu ósk sína að efla upplýsingaskipti og samvinnu á sviði neytendaverndar,

hafa gert með sér svohljóðandi samkomulag varðandi upplýsingaskipti á sviði neytendaverndar:

I. gr.

Aðilarnir hyggjast, innan lögsögu sinnar, leggja allt kapp á að skiptast á upplýsingum á sviði neytendaverndar innan ramma þessa samkomulags og í samræmi við lög hvors lands um sig.

II. gr.

Aðilarnir hyggjast kappkosta að skiptast á upplýsingum varðandi:

- a) ný stefnumið, lög og reglur landanna á sviði neytendaverndar,
- b) nýjar leiðir og aðferðir við eftirlit með neytendavernd,
- c) þau vandamál sem eru efst á baugi og tengjast kvörtunum neytenda innanlands og neytendatengdum deilumálum milli landa er varða neytendur, sem hlutaðeigandi lönd hafa viðurkennt eða tekið til meðferðar, svo og breytilegar áherslur þar að lútandi,
- d) önnur málefni sem samkomulag næst um.

Upplýsingar, sem skipts er á, skulu skrifaðar á ensku og sendar með tölvupósti eða bréfapósti.

III. gr.

Aðilar stefna að því að skiptast á upplýsingum um þau málefni á sviði neytendaverndar sem eru mikilvæg og ofarlega á baugi.


IV. gr.

Samkomulagi þessu er ekki ætlað að fela í sér bindandi skuldbindingar að þjóðarétti.


V. gr.

Samkomulag þetta öðlast gildi á undirritunardegi. Aðili getur sagt þessu samkomulagi upp með því að tilkynna hinum aðilanum um það með a.m.k. 30 daga fresti.

Gjört í Peking hinn 4. febrúar 2013 í eintökum á kínversku, íslensku og ensku og eru allar þýðingar jafngildar. Rísi ágreiningur um túlkun á þessu samkomulagi gildir enski textinn.



Zhou Bohua iðnaðar- og
viðskiptaráðherra fyrir hönd
ríkisstjórnsýslu iðnaðar og viðskipta í
Alþýðulýðveldinu Kína



Ögmundur Jónasson
innanríkisráðherra
fyrir hönd innanríkisráðuneytis
lýðveldisins Íslands